

UMSÖGN

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að hver óski eftir móttöku fylgi boðuninni

Á fundi forsætisnefndar 30. nóvember 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að þegar boðið er til móttöku komi fram hver stendur þar að baki, þ.e. hver óskaði eftir að haldin verði umrædd móttaka. Sem dæmi var boðið til móttöku á Kjarvalsstöðum mánudaginn 26. nóvember 2018 kl. 18.30 í tilefni Heimspings kvenleiðtoga, Women Political Leaders. Í fyrirspurn um hver óskaði eftir að þessi móttaka yrði haldin var svarið að það væri Hanna Birna Kristjánsdóttir og hafi hún beðið um hana fyrir margt löngu. Flokki fólksins finnst mikilvægt að það komi ávallt fram þegar boðið er til móttöku hver óskaði eftir að umrædd móttaka yrði haldin. Einnig er lagt til að upplýsingar um kostnað komi hið fyrsta inn á vef borgarinnar þegar þær upplýsingar liggja fyrir.

Með bréfi dagsettu 10. desember 2018 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Móttökufulltrúi svaraði áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í forsætisnefnd í tölvupósti þann 22. nóvember sl. á þann hátt að Hanna Birna Kristjánsdóttir hefði óskað eftir móttökunni í tilefni af Heimspingi kvenleiðtoga, Women Political Leaders, en hið rétta er að það var Sigþrúður Ármann, framkvæmdastjóri WPL á Íslandi, sem óskaði eftir móttökunni.

Á boðskortum borgarstjóra kemur fram af hvaða tilefni boðað er til móttöku. Á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er í gangi endurskoðun á verklagi vegna opinberra móttaka. Í þeirri vinnu verður horft til þeirra ábendinga sem fram hafa komið frá bæði kjörnum fulltrúum og starfsmönnum um hvað megi betur fara. Skrifstofan leggur alla jafna fram yfirlit yfir móttökur í forsætisnefnd ársfjórðungslega og í því yfirliti verður framvegis gert grein fyrir tengiliðum móttaka. Fundargögn vegna forsætisnefndarfunda eru alla jafna aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar og gildir það einnig um umrætt yfirlit.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir